

13. apríl 2015
Hafnarfjörður
Ísland

| |
|------------------|
| Hafnarfjarðarbær |
| Innk: 13/4 2015 |
| Málar: 1504212 |
| Prófak: 211 |

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Til þeirra er málið varðar:

Þann 3. mars síðastliðinn fór undirrituð Sheilah S. Snorrason, formaður Safnaðarfélags St. Jósefskirkju ásamt Ólafi Torfasyni, fyrrverandi formanni safnaðarfélagsins á fund bæjarstjórans í Hafnarfirði. Erindið var að fara þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hún myndi beita sér fyrir og standa straum af kostnaði vegna framkvæmda við tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða við St. Jósefskirkju. Mikil þörf er á þessum stæðum því hreyfihamlaðir sækja kirkjuna reglulega en slík stæði eru ekki til staðar. Áætlaður kostnaður er kr. 500.000 með efni og vinnu.

Bæjarstjórnin lýsti yfir áhuga sínum að koma í heimsókn og skoða aðstæður og hvatti okkur til þess að senda inn formlegt erindi varðandi framkvæmdina. Hér með sendum við erindið og bjóðum bæjarstjórnina hjartanlega velkomna að koma í heimsókn.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd safnaðarfélagsins,

Sheilah S. Snorrason
Sheilah S. Snorrason, formaður
netfang: sheilah@simnet.is
Sími: 849-2586